

### 36. fundur

**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 23. september 2021 og hófst hann kl. 14:00.**

#### **Fundinn sátu:**

Birgir Gunnarsson formaður, Axel Rodriguez Överby aðalmaður, Karl Ingi Vilbergsson aðalmaður, Hlynur Hafberg Snorrason aðalmaður, Halldór Óli Hjálmarsson aðalmaður, Andri Konráðsson aðalmaður, Guðmundur Rafn Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Finney Raket Arnadóttir varamaður, Kristján Rögnvaldur Einarsson áheyrnarfulltrúi og Sigurður Arnar Jónsson aðalmaður.

#### **Embættismenn:**

Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

**Fundargerð ritaði:** Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011**

Sameinuð almanna- og borgarstjórn endurskoðar Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2021-2033. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, skipulagsráðgjafi Ísafjarðarbæjar, mætir til fundar við nefndina til að ræða breytingar á Aðalskipulagi og aðkomu nefndarinnar vegna þess.

*Vinna og framkvæmd við aðalskipulagsgerð sveitarfélagsins rædd, sérstaklega hvað varðar kaflann um náttúru.*

#### **Gestir**

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, starfandi skipulagsfulltrúi - 14:00

Ólöf Guðný yfirlit fund kl. 14:15.

##### **2. Nefndarmenn 2018-2022 - 2018050091**

Kallað eftir upplýsingum um hvort breytingar hafi orðið á nefndarmönnum og upplýsingum þeirra, s.s. símanúmerum, tölvupóstfangi o.fl.

*Upplýsingar varðandi nefndarmenn til umræðu og lagt til að varamenn aðalfulltrúa yrðu jafnframt skráðir á vefsíðu sveitarfélagsins.*

##### **3. Aðstaða aðgerðarstjórnar - 2020100082**

Á fundi almanna- og borgarstjórnar þann 19. október 2020 var lögreglustjóra og sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar falið að leita eftir nýju rými fyrir aðgerðarstjórn, með auknum samlegðaráhrifum við aðra viðbragðsaðila.

*Nefndin felur sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar að ræða við*

*forsvarsmenn Björgunarfélags Ísafjarðar varðandi nýtt rými fyrir aðgerðarstjórn.*

**4. Sóttvarnarhús - 2021090026**

Umræður um sóttvarnahús á norðanverðum Vestfjörðum.

*Umræður fóru fram.*

*Á norðanverðum Vestfjörðum er gert ráð fyrir opnun sóttvarnahúss teljist það nauðsynlegt.*

**5. Lendingarsvæði þyrlu á Ísafirði - 2021090027**

Umræður um nauðsyn upphitaðs landingarsvæðis fyrir þyrlu á Ísafirði.

*Umræður fóru fram um nauðsyn aukinnar þyrluþjónustu í neyðartilfellum á norðanverðum Vestfjörðum, fremur en aukins sjúkraflugs.*

*Jafnframt er það krafa nefndarinnar að komið verði upp upphitaðu landingarsvæði fyrir þyrlu á Ísafjarðarflugvelli, með hliðsjón af öryggissjónarmiðum.*

**6. Sjúkraflug í Ísafjarðarbæ - 2008110020**

Umræður um stöðu flugvalla á norðanverðum Vestfjörðum m.t.t. landingar sjúkraflugvéla.

*Umræður fóru fram um nauðsyn aukinnar þyrluþjónustu í neyðartilfellum á norðanverðum Vestfjörðum, fremur en aukins sjúkraflugs.*

*Jafnframt er það krafa nefndarinnar að komið verði upp upphitaðu landingarsvæði fyrir þyrlu á Ísafjarðarflugvelli, með hliðsjón af öryggissjónarmiðum.*

**7. Lokunarhlið á vegum vegna ofanflóðahættu - 2020100081**

Á fundi almannavarnanefndar þann 14. desember 2020 var kynnt að þegar hættuástand skapast, hefur veginum um Eyrarhlið og Skutulsfjarðarbraut verið lokað, með gæslu björgunarsveitar og/eða lögreglu, en viðræður hafa verið við Vegagerðina um að setja upp lokunarhlið á hættusvæðum. Á fyrrgreindum fundi kynnti yfirlögregluþjónn að Vegagerðin væri búin að kaupa færanleg lokunarhlið. Í athugun væri hvar og hvernig væri best að staðsetja þau þegar hættuástand skapaðist, og hvar þau yrðu geymd þegar þau væru ekki í notkun. Fól nefndin yfirlögregluþjónni að vinna málið áfram.

Frekari umræður um málið.

*Hlynur Snorrason, yfirlögregluþjónn, kynnir ný færanleg lokunarhlið sem hægt er að setja niður þegar hættuástand skapast. Hliðin eru auðveld í uppsetningu og hægt er að setja upp blikkandi viðvörunarljós á þau.*

*Hliðin eru í eigu Vegagerðarinnar og yrðu geymd hjá Vegagerð á Ísafirði og öðrum viðbragðsaðilum eftir atvikum.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00**

---

Birgir Gunnarsson

---

Axel Rodriguez Överby

---

Karl Ingi Vilbergsson

---

Hlynur Hafberg Snorrason

---

Halldór Óli Hjálmarsson

---

Andri Konráðsson

---

Guðmundur Rafn Kristjánsson

---

Finney Rakel Árnadóttir

---

Kristján Rögnvaldur Einarsson

---

Sigurður Arnar Jónsson

---

Bryndís Ósk Jónsdóttir